



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 5. maí 2025

SFS25050014

## TILLAGA

---

### **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrræði fyrir börn sem komast ekki í Klettaskóla**

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að vinna að sérskólaúrræði fyrir þau börn sem ekki komust að í Klettaskóla. Úrræðið verði tilbúið til notkunar í haust í byrjun skólaárs þannig að þeim nemendum sem uppfylltu skilyrði til inngöngu í Klettaskóla verði tryggð skólavist í sérskólaúrræði.

#### **Greinargerð:**

Tillagan er lögð fram vegna þeirrar alvarlegu stöðu að af 42 nemendum sem uppfylltu skilyrði til inngöngu í Klettaskóla fengu einungis 14 skólavist. Þetta stafar af skorti á húsnæði en það hefur legið lengi fyrir að Klettaskóli sé sprunginn. Brýnt er að koma til móts við nemendur sem fengu ekki skólavist í Klettaskóla næsta haust og er lagt til að Reykjavíkurborg komi á laggirnar sérskólaúrræði fyrir haustið sem geti tekið á móti þeim nemendum sem ekki fengu inngöngu í Klettaskóla.



**Reykjavík**